



26. stjórnarfundur LH

17. ágúst 2020 kl. 19.00 - fjarfundur

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Ólafur Þórisson, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, Ágúst Hafsteinsson og Eggert Hjartarson úr aðalstjórn, Siguróddur Pétursson, Ómar Ingi Ómarsson og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Oddrún Ýr Sigurðardóttir úr aðalstjórn, Þórdís Arnardóttir og Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

1. Samþykkt fundargerða 24. og 25. funda
2. Reglur LH um sóttvarnir á æfingum og mótum vegna COVID-19
Drög að reglum LH um sóttvarnir á æfingum og mótum hafa verið sendar til ÍSí. Beðið er samþykktar sóttvarnaryfirvalda. Umræður urðu um hvort hægt væri að fá undanþágu fyrir áhorfendum í bílum.
Afgreiðsla: Vonast er til að drögin að reglunum fáiast samþykkt á næstu dögum. Í kjölfarið verður send fyrirspurn til sóttvarnaryfirvalda um undanþágu fyrir áhorfendum í bílum.
3. Evrópumót íslenska hestsins í Gæðingakeppni - erindi frá Ívari Arinbjörnssyni ofl.
Nokkrir einstaklingar í Svíþjóð eru með áform um að halda á næsta ári gæðingamót sem þeir kalla „European Championship in Gæðingakeppni“. Sænska sambandið SIF, hefur gert athugasemdir við að viðburður sem er á vegum einkaaðila en ekki sérsambands, geti heitað Evrópumeistaramót.
Afgreiðsla: Stjórn LH lýsir yfir ánægju með framtakið. Hvað nafn keppinnar varðar leggur stjórn LH til að það beri heitið "European Cup in Gæðingakeppni". Formaður sendir skipuleggjendum mótsins bréf með afgreiðslu stjórnar.
4. Erindi og fyrirspurn frá formanni Hestamannafélagsins Sleipnis
 - a. Framsetning úrslita í Sportfeng
Formaður Sleipnis leggur til að um leið og úrslit eru ljós í hverri grein birtist niðurstöður í opna hluta Sportfengs, líkt og í Kappa-appinu. Þetta myndi einfalda birtingu á vefsíðum.
Afgreiðsla: Vísað til tölvunefndar.
 - b. Staðlar um frágang keppnisvalla
Fyrirspurnin snýr að því hvort til séu staðlar til að fara eftir við frágang keppnisvalla og þá sérstaklega skeiðbrauta. Hversu langt þarf brautin að ná til að tryggja öryggi knapa og hvernig þarf að útfæra brautarenda svo vel sé?
Afgreiðsla: Staðlar um frágang keppnisbrauta eru annars vegar í reglum FEIF, grein S16.6 og hins vegar í lögum LH, grein 8.5.1.
5. Reglur um innanhússmót
Óskað var eftir umsögnum frá stjórnnum innanhússdeilda í hestaíþróttum um hvernig æskilegt væri að keppnisvellir innanhúss væru til að geta talist löglegir. Umsögn barst frá stjórn



Meistaradeildarinnar.

Afgreiðsla: Vísað til keppnisnefndar.

6. Uppskeruhátíð hestamanna

Undirbúa þarf að Uppskeruhátíð hestamanna verði mögulega með öðru sniði en venja er af völdum COVID-ástands. Gera þarf ráð fyrir fjöldatakmörkunum og fjarlægðarmörkunum og skipuleggja hátíðina út frá því.

Afgreiðsla: Ákveðið að skipa 3ja manna hóp til að skipuleggja Uppskeruhátíð hestamanna, í hópnum verði tveir frá LH og einn frá FHB. Eggerti og Hjörnýju falið að vera f.h. LH í hópnum.

7. Landsþing LH

Gera þarf ráð fyrir að sníða verði Landsþing að sóttvarnareglum, af völdum Covid-ástands. Félögin hafa rétt til að senda 186 fulltrúa skv. félagatali, að auki hafa seturétt stjórn LH (12), framkvæmdastjóri, endurskoðandi og skoðunarmenn LH, forseti og framkvæmdastjóri ÍSí, fulltrúi héraðssambanda (21), formenn GDLH, HÍDÍ og Járningamannafélagsins.

Afgreiðsla: Samþykkt að framkvæmdastjóri boði til fundar með formanni og varaformanni LH, tilnefndum þingforsetum og fulltrúa frá Hestamannafélaginu Skagfirðingi þar sem ræddar verða mögulegar útfærslur í ljósi aðstæðna.

8. Röskun á fundaplani FEIF v. Covid – Erindi frá FEIF

Stjórn FEIF hefur ákveðið að nefndafundir sem fyrirhugaðir voru í Haarlem í október 2020 verði fjarfundir. Velt hefur verið upp þeim möguleika að færa þurfi FEIF-þingið 2021 aftur í október 2021 í von um að þá verði hægt að stefna saman fulltrúum frá öllum löndum FEIF. Lög FEIF leyfa hins vegar ekki frestun á Delegates Assembly sem hægt væri að halda í fjarfundi.

FEIF biður um samþykki aðildarlanda fyrir:

a. að Delegates Assembly verði haldið í fjarfundi í febrúar 2021.

b. að skipuleggja Annual Meetings FEIF í október 2021 í stað febrúar 2021.

Afgreiðsla: Samþykkt.

10. Norðurlandamót 2022

Fyrir liggur hvaða kröfur eru gerðar til þeirra staða þar sem halda á Norðurlandamót á skv. reglum NIHC um Norðurlandamót.

Afgreiðsla: Formaður LH mun funda með formönnum Norðurlanda miðvikudaginn 19. ágúst og fara yfir stöðuna.

12. Öryggi hestamanna í Reyðarfirði – erindi frá Stefáni Hrafnkelssyni

Formaður samgögnunefndar LH hefur sent erindið áfram til Vegagerðarinnar með ósk um að brugðist verði við með auknum merkingum þar til athugað verður með varanlega lausn eins og undirgöng.

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

15. Starfsmannamál

Verkefnastjóri á skrifstofu hefur frá 1. júlí verið í 80% starfshlutfalli. Samanlagt starfshlutfall á skrifstofu er því 250% og verður þannig til loka október.



16. Afreksmál – staða

a. Landsliðsnefnd er að skipuleggja dagskrá fyrir landsliðshópana fram að HM 2021. Dagskráin verður kynnt í ágúst.

b. *Skýrsla verkefnastjóra um hæfileikamótun.*

Almennt þykir vel hafa tekist til með fyrsta árið í Hæfileikamótun LH. Landsliðsnefnd tekur skýrsluna til umfjöllunar og leggur línur fyrir næsta ár.

17. Önnur mál

a. *Gæðingakeppnisnefnd FEIF*

Settur var á stofn innan FEIF vinnuhópur til að fara yfir stöðu menntunarmál gæðingadómara í Þýskalandi. Í vinnuhópnum sitja fyrir Ísland formaður LH og þáverand formaður fræðslunefndar GDLH Gísli Guðjónsson. Nefndin skilaði af sér en tillögur nefndarinnar hlutu ekki hljómgrunn hjá IPZV.

b. *Skógarhólar*

Í lok vikunnar mun vaskur hópur sjálfboðaliða á vegum Róberts Gunnarssonar og Karls Gústafs Davíðssonar skipta um þak á húsinu í Skógarhólum ásamt umsjónarmanni Skógarhóla Eggerti Hjartarsyni.

Fundi slitið um kl. 21.30